



Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarstjórn
Sendandi: Umhverfis- og framkvæmdasvið
Dags. 21. mars 2022
Málsn. 202109161

Efni: Aðstaða til sjósunds í Klaufinni - Skipulagsvinna

Inngangur

Vestmannaeyjabær hefur beðið um minnisblað vegna nauðsynlegrar skipulagsvinnu og umhverfismats vegna uppbyggingar sjávarbaðs við Klaufina.

Tillaga

Fyrirliggjandi tillaga frá Undra felur í sér framkvæmdir við sjávarbaðstað með aðstöðu til sjósunds og útivistar við Klaufina, norðan Höfðavíkur í Vestmannaeyjum. Framlögð gögn frá Undra, dagsett í nóvember 2021, byggja á hugmyndum um uppbyggingu sjávarbaðstaðar sem falli að nærumhverfi, sé vel hannaður og í nánum tengslum við náttúru Vestmannaeyja. Markmið tillögunnar er að skapa skemmtilegan áfangastað fyrir bæjarbúa og gesti til útivistar og til að stunda sjóböð. Sjávarbaðið er hluti af hugmyndinni „Eyjaslóð“, þar sem sjávarbaðið og aðstaðan fyrir sjósund myndi verða hluti af gönguleið sem er ætlað að tengja saman helstu sögu- og útsýnisstaði í Vestmannaeyjum.

Umfang framkvæmda

Tillagan felur í sér uppbyggingu aðstöðu fyrir sjósund, þ.e. sjávarbaðstað með laugum á tveimur pöllum (kaldur og heitur pottur), útsýnisstað, sturtu- og búningaaðstöðu og mögulega saunu. Vatnið í laugunum verður upphitaður sjór.

Núverandi skipulag og verndarflokkar

Fyrirhuguð staðsetning, Klaufin norðan Höfðavíkur er á óbyggðu svæði, *ÓB-4, Litlihöfði og Sæfjall skv.* Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015 - 2035. Í skilmálum aðalskipulagsins stendur eftirfarandi:

“Ágætlega gróið svæði sem að hluta er nýtt til beitar fyrir sauðfé. Hefðbundnar landnytjar á fugli og eggjum eru heimilar.

Á svæðinu er fjarskiptamastur og bygging þar við. Einnig einföld skýli tengd beitarnotkun. Frekari mannvirkjagerð er óheimil nema til að bæta aðgengi göngufólks. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði bönnuð. Vernda skal mófugla og æðarvarp”.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.


Á vef Náttúrufræðistofnunar eru Vestmannaeyjar í heild skilgreindar sem alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, sjófuglabyggð. Landslagsflokkun: Eyjar, drangar og sker. Vistgerð: fjöruvist.



Hér sést tillaga Undra að hönnun þessa sjávarbaðstaðar.



Ásýnd, Horft í átt að hafi



Ásýnd, Horft í átt að landi



Sneiðing í gegnum brú og sjávarböðin

SJÁVARBAÐ, SJÓSUND- OG ÚTIVISTARADSTADA VIÐ KLAUFINA, EYJASLÓÐ

TILLAGA - NÓVEMBER 2021

UNDRA

Umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021

Uppbygging sjávarbaðstaðar fellur ekki undir kröfur um matskyldar framkvæmdir samkvæmt 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021, en skv. 3. kafla laganna skal vinna umhverfismat áætlana fyrir breytingar á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi. Ferlið fyrir umhverfismat áætlana samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- gerð umhverfismatsskýrslu,
- kynningu og samráði um umhverfismatsskýrslu við umsagnaraðila og almenning
- afgreiðslu áætlunarinnar að teknu tilliti til niðurstöðu umhverfismats og samráðs.



Skipulagsbreytingar:

- Breytingar á aðalskipulagi. Uppbyggingin er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag og þarf því að gera aðalskipulagsbreytingu svo að afmarkað verður svæði í landnotkunarfloknum *AF*, *afþreyingar-* og *ferðamannasvæði* þar sem hægt er að byggja upp aðstöðu. Greinargerð, uppfærðir uppdráttir og umhverfismat.
- Nýtt deiliskipulag. Vinna þarf deiliskipulag fyrir uppbygginguna þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir sjósund skv. tillögum hönnuða. Greinargerð, uppdráttir og skilmálar.



Kostnaðaráætlun

Áætlaður kostnaður Alta við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi í tengslum við verkefnið er um 2,2 m.kr.